

Norræni loftslagsdagurinn 2010: Teiknisamkeppni

klimanorden.org

Markhópur: 5-12 ára nemendur í grunnskóla

Nemendur skulu teikna mynd, sem sýnir hvernig loftslagið hefur áhrif á þá eða þann stað sem þeir búa á. Teikninguna mega þeir gera einir eða með öðrum í hópnum. Notið verkefnið sem viðbót við aðra kennslu um loftslagsmál.



- Ein norræn verðlaun að upphæð 5.000 danskar krónur til skóla/bekks
- Ein verðlaun að upphæð 1.000 danskar krónur til skóla/bekks í hverju landi

Öll verkefni sem send eru til Norræna loftslagsdagsins í síðasta lagi 11. nóvember kl. 24, taka þátt í samkeppninni um verðlaunin.

Verkefni: Nemendur þínir eiga að teikna mynd eða gera hreyfimynd, sem tengist loftslagsbreytingum

Kennarinn ákveður verkefnið, en það getur meðal annars falist í því að:

- Teikna mynd eða gera hreyfimynd, sem sýnir hvernig loftslagsbreytingar hafa áhrif á loftslagið á því svæði sem þið búið á.
- Teikna mynd eða gera hreyfimynd, sem sýnir afleiðingar hnattrænnar hlýnunar jarðar.
- Teikna mynd eða hreyfimynd, sem útskýrir „gróðurhúsaáhrif“.
- Teikna mynd eða hreyfimynd, sem útskýrir „ljóstillífun“.
- Teikna mynd eða gera hreyfimynd um uppfinningu, sem gæti gert heiminn umhverfisvænni.
- Teikna mynd eða hreyfimynd, sem útskýrir hvað veldur loftslagsbreytingum.

Verkefnið verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Nemendur verða að hafa unnið verkefnið sjálfir.
- Í verkefninu mega ekki vera myndir eða teikningar, sem falla undir höfundarétt, þ.e. myndir eða teikningar, sem aðrir hafa ljósmyndað eða teiknað.
- Vistið verkefnið á vefsíðunni <http://klimanorden.org/2010/tegning/>
Öll teiknuð verkefni skal vista sem „billede“ á loftslagskortinu.
Það er auðvelt að taka stafræna mynd af teikningu nemenda og vista skjalið í nafni hans. Hreyfimyndir má vista sem „dokument“ á loftslagskortinu.

Verkefnið/teikninguna verður að vista á loftslagskortinu fyrir 11. nóvember 2010 kl. 24 á vefsíðunni <http://klimanorden.org/2010/tegning/>